Samkvæmt lögum um ársreikninga ber að færa niður eignarhluti í félögum ef ljóst þykir að markaðsvirði þeirra sé lægra en kostnaðarverð og ástæður þess eru ekki taldar skammvinnar. Lagt hefur verið í varasjóð 488,6 milljónir króna vegna ætlaðrar virðisryrnunar á eignarhlutum Reykjanesbæjar í félögum.

Skýringar

9. Eignarhlutar í félögum (framhald)

Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.

Reykjanesbær átti í upphafi ársins 2012, 11,02% hlut í heildarhlutafé Eignarhaldsfélagsins Fasteign hf. (EFF) og 24,15% af virku hlutafé. Í samstæðu Reykjanesbæjar hefur undanfarin ár verið reiknuð hlutdeild í afkomu EFF og bókfærður eignarhlutur verið færður til samræmis við eignarhlut Reykjanesbæjar í eigin fé félagsins. Á hluthafafundi EFF þann 21. janúar 2013 var samþykkt að hækka hlutafé félagsins um 5 milljónir króna og jafnframt að fara allt eldra hlutafé félagsins til jöfnunar á tapi félagsins. Í ársreikningi bæjarsjóðs 2012 er því eignarhlutur að fjárhæð 526 milljónir króna afskrifaður. En í samstæðu nam afskriftin 1.075 milljónum króna. Nýr hlutur verður síðan færður til eignar á árinu 2013 en þá mun eignarhlutur Reykjanesbæjar í EFF nema 55,94% eða að nafnvirði 2,8 milljónir króna.

10. Skuldabréfaeign

Skuldabréfaeign greinist þannig:

	Bæjarsjóður	Samantekið
	31.12.2012	31.12.2012
Almenn skuldabréfaeign	5.073	5.073
Virðing.....	577.466	577.466
Næsta árs og gjaldfallin afborgun.....	(578.649)	(578.649)
	<u>3.891</u>	<u>3.891</u>
Greining ársins:		
Bókfært verð í ársbyrjun.....	5.991.076	5.991.076
Ný skuldabréfaeign - Virðing.....	550.000	550.000
Innleyst afföll.....	426.235	426.235
Sala og afborganir ársins.....	(6.431.719)	(6.431.719)
Verðbætur ársins.....	28.801	28.801
	<u>564.394</u>	<u>564.394</u>
Reikningshaldsleg afskrift, breyting.....	18.146	18.146
	<u>582.540</u>	<u>582.540</u>
Næsta árs og gjaldfallnar afborganir.....	(578.649)	(578.649)
	<u>3.891</u>	<u>3.891</u>
Afborganir af skuldabréfaeign dreifast þannig á næstu ár:		
Afborganir 2013.....	578.649	578.649
Afborganir 2014.....	399	399
Afborganir 2015.....	399	399
Afborganir 2016.....	399	399
Afborganir 2017.....	399	399
Afborganir síðar	2.294	2.294
	<u>582.540</u>	<u>582.540</u>

Á árinu var skuldabréfaeign við Magma Energy Sweden AB selt fyrir um 6.290 milljónir króna til Fagfjárfestingsjóðsins ORK. Greitt var á afhendingardegi 3.475 milljónir króna og með skuldabréfi að virði 562 milljónir króna. Eftirstöðvar söluverðsins 2.253 milljónir króna verða greiddar við slit á Fagfjárfestingsjóðunum ORK sem er áætlað 1. október 2017. Við sölu voru innleyst afföll að fjárhæð 426 milljónir króna og fært til tekna.

Skýringar

11. Langtímakröfur á eigin félög

Langtímakröfur við B-hluta félög greinist þannig:	Bæjarsjóður	Samantekið
	31.12.2012	31.12.2012
Langtímakrafa við Fráveitu Reykjanesbæjar.....	893.093	0
Langtímakrafa á Reykjaneshöfn.....	2.016.685	0
	2.909.779	0
Næsta árs og gjaldfallnar afborganir.....	(14.394)	0
	2.895.385	0

Á árinu 2011 var kröfu Reykjanesbæjar á Reykjaneshöfn breytt í víkjandi lán í kjölfar fjárhagslegrar endurskipulagningar hafnarinnar. Við útgáfu nýrra skuldabréfa fyrir Reykjaneshöfn skuldbatt Reykjanesbær sig til þess að hlíta nokkrum skilmálum. Eitt af þeim fólst í því að ef Reykjanesbær seldi skuldabréf útgefið af Magma Energy Sweden AB þá fengi Reykjaneshöfn 25% af þeim fjárhæðum í formi víkjandi láns. Þar sem Reykjanesbær seldi framangreint skuldabréf á árinu 2012 þá var um 875 mkr ráðstafað til hafnarinnar í formi víkjandi láns. Við þessa fjárhæð bættist fasteignagjöld og vaxtagjöld sem hafa verið flutt á höfuðstól eins og samningar kveða á um. Heildarlánveiting til hafnarinnar á árinu 2012 nam því um 995,9 mkr. Langtímakrafan nemur í árslok um 2.016,7 milljónum króna og kemur til greiðslu á árinu 2027. Eigið fé Reykjaneshafnar er neikvætt um 3.851,7 milljónir króna í árslok 2012 en samkvæmt áætlunum hafnarinnar munu tekjur aukast verulega á næstu árum og telja stjórnendur því að krafa Reykjanesbæjar muni fást greidd þegar kemur að gjalddaga. Hins vegar eru margir þættir sem geta haft áhrif á rekstur hafnarinnar og því verður að telja að ákveðin óvissa sé um virði langtímakröfunnar hjá bæjarsjóði.

12. Langtímakröfur

Langtímakröfur:	Bæjarsjóður	Samantekið
	31.12.2012	31.12.2012
Langtímakrafa	1.969.978	1.969.978
	1.969.978	1.969.978

Eins og kemur fram í skýringu nr 10 þá var skuldabréfaeign við Magma Energy Sweden AB seld á árinu og áætlaðar núvirtar eftirstöðvar söluverðsins, sem verða greiddar 1. október 2017 eru færðar sem langtímakrafa.

13. Birgðir

Efnisbirgðir Reykjaneshafnar um 130,3 milljónir króna samanstanda af efnishaug í Helguvík sem til stendur að selja til Norðuráls í væntanlega flæðigryfju á árunum 2014-2015. Efnisbirgðir HS Veitna hf. námu um 211,1 milljón króna í árslok 2012 og samanstanda af efnisbirgðum og varahlutum.

Skýringar

14. Óinnheimtar tekjur

Óinnheimtar tekjur í árslok greinast þannig:	Bæjarsjóður	Samantekið
	31.12.2012	31.12.2012
Útsvör og aðstöðugjöld:		
Gjöld í innheimtu Sýslumannsins í Keflavík	574.575	574.575
- óbein afskrift gjalda	(114.915)	(114.915)
Sýslumaðurinn í Keflavík millireikningur	7.196	7.196
Útistandandi staðgreiðsla	375.314	375.314
	<u>842.169</u>	<u>842.169</u>
Fasteignagjöld:		
Gjöld í gjaldendabókhalda bæjarsjóðs	274.570	274.570
- óbein afskrift gjalda	(9.153)	(9.153)
	<u>265.417</u>	<u>265.417</u>
Aðrar tekjur:		
Gatnagerðargjöld	19.999	19.999
- óbein afskrift gjalda	(12.337)	(12.337)
Vistgjöld barna á leikskólum	10.300	10.300
Ýmsar tekjur	61.666	61.666
- óbein afskrift gjalda	(2.378)	(2.378)
	<u>77.250</u>	<u>77.250</u>
Óinnheimtar tekjur bæjarsjóðs alls.....	<u>1.184.836</u>	<u>1.184.836</u>
Óinnheimtar tekjur annarra félaga.....	0	693.266
Óinnheimtar tekjur alls.....	<u>1.184.836</u>	<u>1.878.102</u>

Óinnheimt útsvör auk dráttarvaxta af þeim kröfum eru niðurfærð um óbeina afskrift. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur til að mæta þeim vanhöldum sem kunna að verða á innheimtu fyrirframgreindra krafna. Niðurskrift þessi nemur 114,9 milljónum króna, sem er um 20% óinnheimts útsvars, aðstöðugjalda og dráttarvaxta. Óbein afskrift útsvara og dráttarvaxta af þeim hækkar um 10,4 milljónir króna á árinu. Óbein afskrift gatnagerðargjalda og fasteignagjalda nemur 21,5 milljónum króna í árslok og hefur lækkað um 63,8 milljónir króna frá fyrra ári. Óbein afskrift vistgjalda og annarra tekna nam í árslok 2,4 milljónum króna og hefur lækkað um 1,1 milljón króna frá fyrra ári.

Óbein afskrift óinnheimtra tekna annarra félaga nemur í árslok 2012 um 160,5 milljónir króna. Lækkun ársins er um 11,1 milljón króna og hefur verið fært til lækkunar á kostnaði.

15. Aðrar peningalegar eignir

Aðrar skammtímakröfur	Bæjarsjóður	Samantekið
	31.12.2012	31.12.2012
Fyrirframgreidd laun	451	451
Óbein afskrift fyrirframgreiddra launa	(282)	(282)
Viðskiptamenn aðrir	93.002	93.002
Viðskiptamenn vegna framfærslulána	5.539	5.539
Heimilisþjónusta	1.878	1.878
Tónlistarskólakröfur	223	223
- óbein afskrift viðskiptakrafna og vísla	(10.051)	(10.051)
Óinnheimtur endurkræfur virðisaukaskattur	54.300	54.300
Greiðslukortafyrirtæki	1.930	1.930
Áfallnir vextir og gjaldfallnir vextir	50	50
Aðrar skammtímakröfur	0	25.286
	<u>147.038</u>	<u>172.324</u>

Viðskiptakröfur eru niðurfærðar til að mæta vanhöldum sem kunna að verða á innheimtu þeirra. Í árslok hefur samtals verið lagt í afskriftasjóð um 10,3 milljónir króna vegna viðskiptakrafna og fyrirframgreiddra launa. Ofangreindir afskriftasjóðir eru færðir til lækkunar á viðkomandi liðum í efnahagsreikningi. Óbeinar afskriftir vegna annarra krafna lækka um 6,7 milljónir króna á árinu og eru breytingarnar færðar í málaflokk 21, sameiginlegur kostnaður.

Skýringar

15. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	Bæjarsjóður	Samantekið
	31.12.2012	31.12.2012
Sjóður	61	101
Bankainnstæður í erlendri mynt	94	94
Bankainnstæður í íslenskum krónum	11.092	1.083.964
	<u>11.247</u>	<u>1.084.159</u>

16. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	Bæjarsjóður	Samantekið
	31.12.2012	31.12.2012
Eigið fé		
Yfirfært frá fyrra ári	6.763.606	5.169.131
Álit 2 - breyting á endurmati ársins 2012.....	0	47.184
Rekstrarniðurstaða.....	707.925	(433.152)
	<u>7.471.531</u>	<u>4.783.163</u>
Greining á eigin fé		
Eigið fé.....		3.805.703
Sérstakur endurmatsreikningur Fasteigna Reykjanesbæjar ehf.....		977.460
		<u>4.783.163</u>
Hlutdeild minnihluta		
Yfirfært frá fyrra ári.....		2.924.332
Hlutdeild minnihluta í rekstrarniðurstöðu.....		146.796
Bakfærð færsla arðs.....		(99.754)
		<u>2.971.373</u>

Hlutdeild minnihluta í eigin fé er tilkomin vegna 1,08% hlutdeildar minnihluta í Þróunarsjóði Reykjanesbæjar, 0,24% hlutdeildar minnihluta í Íslendingi ehf. og 33,25% hlutdeildar minnihluta í HS Veitum hf.

17. Skuldbindingar

Á bæjarsjóði hvílir lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna bæjarfélagsins hjá Eftirlaunarsjóði Reykjanesbæjar, B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga en um er að ræða réttindatengd kerfi í þessum sjóðum með bakábyrgð launagreiðanda. Áfallin skuldbinding skv. útreikningi tryggingafræðinga miðar við 2% ávöxtun umfram launahækkunar. Skuldbindingin nemur alls um 2.759,7 milljónum króna í árslok 2012 og hefur þá hækkað um 79,2 milljónir króna frá sama tíma árið áður. Gjaldfærsla skuldbindingarinnar ásamt greiðslu ársins nemur um 153,5 milljónum króna hjá bæjarsjóði.

Á Reykjaneshöfn hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna félagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin nemur um 57,3 milljónum króna samkvæmt tryggingafræðilegu mati og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram launahækkunar. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu 2012 nam um 3,4 milljónum króna og er færð til gjalda í rekstrarreikningi.

HS Veitur hf. kaupa þjónustu af HS Orku hf. samkvæmt þjónustu- og verkkaupasamningi milli félaganna. Félagið tekur þátt í kostnaði vegna hækkana á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf. og nemur hlutdeild þess í árslok 289,6 milljónum króna og er færð sem langtímaskuld við HS Orku hf. Hækkun ársins nam um 88,7 milljónum króna. Hlutdeild félagsins í hækkunum á lífeyrisskuldbindingum HS Orku hf. er greidd með álagi á keypta þjónustu af HS Orku hf.

Skýringar

17. Skuldbindingar (framhald)

	Árið 2012		Árið 2011	
	Bæjarsjóður	Samantekið	Bæjarsjóður	Samantekið
Lífeyrisskuldbindingar frá fyrra ári	2.680.520	2.935.263	2.480.766	2.628.402
Hækkun ársins.....	188.121	280.291	268.952	376.058
Afborganir ársins.....	(74.327)	(74.327)	(69.198)	(69.198)
Lífeyrisskuldbindingar í árslok	<u>2.794.314</u>	<u>3.141.226</u>	<u>2.680.520</u>	<u>2.935.262</u>
Greining lífeyrisskuldbindinga:				
Áfallin lífeyrisskuldbinding.....	3.407.761	3.754.673	3.272.646	3.527.388
Áfallin skuldbinding vegna rekstrar.....	100.291	100.291	86.003	86.003
Endurmetin eign.....	(713.738)	(713.738)	(678.128)	(678.128)
	<u>2.794.314</u>	<u>3.141.226</u>	<u>2.680.520</u>	<u>2.935.262</u>
Núvirði áætlaðra greiðslna vegna lífeyrisskuldbindingar greinist þannig á næstu ár:				
Árin 2013-2017.....	331.241	390.258		
Árin 2018-2022.....	380.687	438.451		
Árin 2023-2027.....	406.881	471.258		
Síðar.....	1.675.505	1.841.259		
	<u>2.794.314</u>	<u>3.141.226</u>		

18. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding í árslok er vegna HS Veitna hf.

Breyting tekjuskattsskuldbindingar á árinu greinist þannig:	Samantekið
Staða í ársbyrjun	780.439
Tekjuskattur ársins	63.009
Tekjuskattsskuldbinding í árslok	<u>843.448</u>
Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig í árslok:	
Rekstrarfjármunir	982.686
Rekstrarvörubirgðir	(5.316)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	(24.180)
Fyrirfram innheimtar tekjur	(16.136)
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(93.560)
Frestun gengismunar skattalega	(46)
	<u>843.448</u>

19. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:	Bæjarsjóður	Samantekið
	31.12.2012	31.12.2012
Skuldir í íslenskum krónum.....	3.234.547	16.700.738
	3.234.547	16.700.738
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(382.345)	(630.345)
Langtímaskuldir í árslok	<u>2.852.202</u>	<u>16.070.393</u>

Skýringar

19. Langtímaskuldir (framhald)

	Bæjarsjóður	Samantekið
	31.12.2012	31.12.2012
Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig á næstu ár:		
Afborganir 2013.....	382.345	630.345
Afborganir 2014.....	372.599	643.617
Afborganir 2015.....	286.065	563.238
Afborganir 2016.....	200.546	2.266.809
Afborganir 2017.....	213.257	446.130
Afborganir síðar	1.779.735	12.150.600
	<u>3.234.547</u>	<u>16.700.738</u>

20. Fjármagnstekjuskattur

Langtímaskuld fjármagnstekjuskatts myndaðist á árinu 2009 vegna söluhagnaðar af sölu hlutabréfa í HS Orku hf. sem nam um 1.753,7 milljónum króna. Í samræmi við 27. grein laga nr. 90/2003 um tekjuskatt er heimilt að fresta greiðslu fjármagnstekjuskatts þegar hluti söluverðs er greitt með skuldaviðurkenningu til þriggja ára eða lengri tíma. Langtímahluti fjármagnstekjuskatts nam í árslok 2012 um 703,9 milljónum króna.

21. Fyrirfram innheimtar tekjur

Fyrirfram innheimtar tekjur HS Veitna hf. námu í árslok 2012 um 607 milljónum króna. Sá hluti fyrirfram innheimtra tekna sem tekjufærður verður á næsta ári nemur um 73 milljónum króna og er færður meðal skammtímaskulda. Tekjufærð tengigjöld á árinu 2012 námu um 68 milljónum króna.

22. Leigusamningar

Í ársbyrjun 2013 var gengið endanlega frá nýjum samningum við Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. (EFF) um þær fasteignir sem Reykjanesbær hefur leigt af EFF síðast liðin ár og féllu eldri leigusamningar um sömu eignir úr gildi á sama tíma. Samkvæmt leigusamningnum er um að ræða 31 fasteign sem þar sem rekstur skóla, leiksskóla, æskulýðs- og íþróttastarfs, byggðasafn og fleira fer fram. Leigusamningurinn tók gildi 30/6 2011 og er til 27 ára. Að auki eru til staðar 5 samningar við aðra leigusala. Í árslok 2012 greinast samningarnir þannig:

Langtímahluti leiguskulda

	Bæjarsjóður	Samantekið
	31.12.2012	31.12.2012
Staða leigusamninga.....	13.897.386	13.897.386
Næsta árs afborgun leigusamninga.....	(278.953)	(278.953)
	<u>13.618.433</u>	<u>13.618.433</u>

Aðrar upplýsingar um leigusamninga

	Leigutími	Ávöxtunar- studull	Bókfært verð
Ssamningur við Eignarhaldsfélagið Fasteign	2011-2038	4,04%	12.191.862
Íþróttahús	1999-2033	4,80%	807.532
Bókasafn	2009-2013	6,3%	17.446
Bæjarskrifstofur	1999-2019	4,8%	166.472
Aðrar eignir	2003-2038	4,8% - 6,0%	714.074
			<u>13.897.386</u>

Skýringar

22. Leigusamningar (framhald)

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur samninga

	2013	2014	2015	Síðar	Samtals
Samningur við EFF	194.323	196.363	326.752	11.474.424	12.191.862
Íþróttahús	59.376	59.376	59.376	1.133.099	1.311.228
Bókasafn	17.765	0	0	0	17.765
Bæjarskrifstofur	30.141	30.141	30.141	92.935	183.357
Aðrar eignir	60.826	60.826	60.826	1.176.937	1.359.416
	362.432	346.707	477.096	13.877.394	15.063.629

Greining á greiðslum ársins

	2012
Afborgun til lækkunar á leigusamningum.....	165.431
Vaxtagjöld leigusamninga.....	413.422
Rekstrarkostnaður	36.146
	614.999

23. Aðrar peningalegar skuldir

	Bæjarsjóður 31.12.2012	Samantekið 31.12.2012
Viðskiptaskuldir		
Innlendar viðskiptaskuldir	277.600	665.393
	277.600	665.393
Aðrar skammtímaskuldir		
Ógreiddur almennur rekstrarkostnaður	38.857	38.857
Ógreiddur virðisaukaskattur	2.535	3.842
Ógreiddur fjármagnstekjuskattur	326.154	326.183
Ógreiddur launafrádráttur	153.959	157.173
Ógreidd áfallin orlofsskuldbinding	182.160	182.160
Ógreiddir áfallnir vextir	46.992	136.074
Ógreitt vatnsgjald	23.143	23.143
Aðrar skammtímaskuldir	0	15.035
Fyrirfram innheimtar tekjur	0	72.692
	773.800	955.158
Næsta árs afborganir langtímaskulda		
Skuldir við lánastofnanir	382.345	630.345
Leigusamningar	278.953	278.953
	661.298	909.298

24. Kröfur og skuldir við tengd félög

Aðal- og varamenn í bæjarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Öll viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og í viðskiptum við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.

Kröfur á tengd félög greinast þannig:

	Bæjarsjóður 31.12.2012	Samantekið 31.12.2012
Fasteignir Reykjanesbæjar ehf.	187.870	0
Eignarhaldsfélagið Fasteign hf.	152.710	152.710
Íslendingur ehf.	5.480	0
Útlendingur ehf.	30.804	0
Reykjaneshöfn	73.302	0
Þróunarsjóður Reykjanesbæjar hf.	83.208	0
	533.374	152.710

Skýringar

24. Kröfur og skuldir við tengd félög (framhald)

Skuldir við tengd félög greinast þannig:	Bæjarsjóður	Samantekið
Fráveita Reykjanesbæjar	624.150	0
HS Veitur hf.	27.910	0
Húsnæðisnefnd Reykjanesbæjar	72	72
	<u>652.132</u>	<u>72</u>

25. Ábyrgðir og veðsetningar

Á bæjarsjóði hvíla ábyrgðarskuldbindingar sem ekki hafa verið færðar í efnahagsreikning bæjarsjóðs. Þessar skuldbindingar eru:

Bæjarsjóður Reykjanesbæjar er í ábyrgðum á skuldum sjálfstætt rekinna stofnana í eigu bæjarfélagsins. Hér er um að ræða skuldir Reykjaneshafnar um 6.284,4 milljónir króna og hluta af skuldum Fasteigna Reykjanesbæjar ehf. eða sem nemur um 1.359 milljónum króna miðað við árslok 2012.

Bæjarsjóður Reykjanesbæjar ber ábyrgð að hluta á skuldum sameignarfélaganna Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja sf, Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum og Dvalarheimilis aldraðra á Suðurnesjum. Ábyrgð Bæjarsjóðs Reykjanesbæjar í árslok 2012 nemur um 695,6 milljónum króna fyrir Sorpeyðingarstöð Suðurnesja sf., 197,6 milljón króna fyrir Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og um 39,2 milljónum króna fyrir Dvalarheimili aldraðra á Suðurnesjum.

26. Málaferli

Eitt mál er til meðferðar hjá lögfræðingi bæjarsjóðs þar sem gerð er krafa á Reykjanesbæ samtals um 27 milljónir króna.

27. Fjárhagsstaða og önnur mál

Bæjarsjóður Reykjanesbæjar og samstæða a og b hluta

Samkvæmt rekstrarreikningi samstæðu a og b hluta árið 2012 nam tap af rekstri um 433,2 milljónum króna. Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nam 1.782,1 milljón króna. Eigið fé samstæðu a og b hluta í árslok 2012 nam um 7.754,5 milljónum króna og er eignfjárlutfallið 17,12%. Samkvæmt efnahagsreikningi nema veltufjármunir 4.207,9 milljónum króna og skammtímaskuldir 2.638,7 milljónum króna og veltufjárlutfall 1,59. Heildarskuldir samstæðu a og b hluta nema 37.550,7 milljónum króna og er skuldahlutfall 245,50%.

Samkvæmt rekstrarreikningi bæjarsjóðs árið 2012 nam hagnaður af rekstri um 707,9 milljónum króna. Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld nam 558,6 milljónum króna. Eigið fé bæjarsjóðs í árslok 2012 nam um 7.471,5 milljónum króna og er eignfjárlutfallið 25,07%. Samkvæmt efnahagsreikningi nema veltufjármunir 2.469 milljónum króna og skammtímaskuldir 2.365,6 milljónum króna og veltufjárlutfall 1,04. Heildarskuldir bæjarsjóðs nema 22.334,4 milljónum króna og er skuldahlutfall 236,24%.

Stjórnendur leystu á árinu 2012 úr lausafjávanda bæjarsjóðs auk þess sem skuldahlutfall bæjarsjóðs lækkaði úr 300,30% í 236,24% og hjá samstæðu a og b hluta úr 304,10% í 245,50%. Aðgerðir sem stjórnendur vinna nú að miða að því að styrkja enn frekar eiginfjár- og skuldahlutfall. Stjórnendur hafa lagt áherslu á hagræðingu í rekstri ásamt því að skapa áfram grunn að betri launuðum störfum sem munu auka tekjur sveitarfélagsins til framtíðar. Janframt er unnið að sölu á 15% hlut Reykjanesbæjar í HS Veitum hf.

Reykjaneshöfn

Samkvæmt rekstrarreikningi Reykjaneshafnar nam tap ársins 667,1 milljónum króna, samkvæmt efnahagsreikningi var eigið fé hafnarinnar neikvætt um 3.851,7 mkr og er eignfjárlutfall hafnarinnar neikvætt sem nemur 134%. Skammtímaskuldir eru 394,9 milljónir króna í árslok. Veltufjármunir hafnarinnar í árslok eru um 178,5 milljónir króna og veltufjárlutfall 0,45. Handbært fé til rekstrar á árinu 2012 var um 202 milljónir króna sem var fjármagnað að mestu með víkjandi láni frá Reykjanesbæ.

Reykjaneshöfn hefur gert fjárhagsáætlun þar sem gert er ráð fyrir tekjum af ksilveri sem áætlað er að muni rísa í Helguvík. Óvissa hefur ríkt varðandi framkvæmdir Stakksbrautar 9 ehf. við ksilveri í Helguvík. Miðað við áætlunina munu afborganir af lánunum frá Lánasjóði sveitarfélaga verða fjármögnuð með nýrri lántöku. Reykjaneshöfn mun geta greitt afborganir annarra lána samkvæmt áætluninni.

Eins og fram hefur komið hér að ofan er fjárhagsstaða Reykjaneshafnar erfið. Við útgáfu nýrra skuldabréfa á árinu 2011 skuldbatt Reykjanesbær sig til þess að hlíta nokkrum skilmálum. Meðal annars ber Reykjanesbæ að lána höfninni í formi víkjandi láns, fasteignaskatta sem bæjarsjóður innheimtir af höfninni og atvinnufyrirtækjum sem starfa á atvinnusvæði hafnarinnar á hverju ári. Reykjanesbær skuldbatt sig til að láta Reykjaneshöfn fá 25% af söluandvirði skuldabréfs útgefnu af Magma Energy Sweden A.B. Á árinu 2012 fékk Reykjaneshöfn 875 milljónir króna vegna Magma bréfsins og mun lokahluti fást á árinu 2016 að öllu óbreyttu. Ef Reykjanesbær selur eignarhlut sinn í HS Veitum hf. þá fær höfnin einnig 25% af þeirri fjárhæð.

Skýringar

27. Fjárhagsstaða og önnur mál (framhald)

Ríkisstjórnin hefur falið fjármála- og efnahagsráðherra að hefja viðræður um aðkomu ríkisins að hafnarframkvæmdum í Helguvík. Stjórnendur hafa væntingar um að Helguvík njóti sama fjárstuðnings ríkisjóðs og uppbygging innviða vegna atvinnustarfsemi í landi Bakka í Norðurþingi.

Í ljósi erfiðrar fjárhagsstöðu hafnarinnar er ljóst að óvissa ríkir um rekstrarhæfi hafnarinnar nema með beinni aðkomu Reykjanesbæjar en reikningsskil hennar eru gerð miðað við að forsendan um rekstrarhæfi sé til staðar.

Fasteignir Reykjanesbæjar ehf.

Samkvæmt rekstrarreikningi Fasteigna Reykjanesbæjar ehf. nam tap ársins 150,7 milljónum króna og eiginfjárlutfall félagsins er jákvætt sem nemur 3,76%. Skammtímaskuldir félagsins eru 293,9 milljónir króna í árslok. Veltufjármunir félagsins í árslok eru um 29,4 milljónir króna og veltufjárlutfall félagsins er 0,1. Handbært fé til rekstrar félagsins á árinu 2012 nam 17 milljónum króna. Miðað við óbreyttar rekstrarforsendur þá getur rekstur félagsins ekki staðið undir afborgunum skulda næstu 12 mánuði nema til komi aukid lánsfé eða eigið fé. Félagið hefur ekki náð að greiða fasteignagjöld til Reykjanesbæjar og eru það stærstu skammtímaskuldir þess. Til að rekstur félagsins geti staðið undir sér þyrftu tekjur að hækka verulega. Það er því ljóst að ákveðin óvissa ríkir um rekstrarhæfi félagsins nema með áframhaldandi stuðningi Reykjanesbæjar en ársreikningurinn er settur fram miðað við að rekstrarhæfi sé til staðar.

28. Kennitölur

Í hlutfalli við rekstrartekjur:	Bæjarsjóður		Samantekið	
	2012	Fjárhags- áætlun 2012	2012	Fjárhags- áætlun 2012
Rekstur:				
Skatttekjur	63,77%	66,54%	39,31%	40,07%
Framlög jöfnunarsjóðs	15,82%	16,55%	9,89%	9,97%
Skatttekjur samtals.....	79,59%	83,10%	49,21%	50,04%
Aðrar tekjur	20,41%	16,90%	50,79%	49,96%
	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%
Laun og launatengd gjöld.....	43,96%	48,03%	28,16%	29,32%
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	2,16%	2,55%	2,01%	1,84%
Annar rekstrarkostnaður án afskrifta	43,13%	43,24%	49,34%	49,98%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	10,21%	6,18%	20,15%	18,86%
Afskriftir.....	3,79%	3,57%	7,34%	7,35%
Rekstrargjöld samtals.....	93,58%	97,38%	87,19%	88,48%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga			0,00%	0,00%
Fjármagnsliðir, nettó.....	1,72%	(0,19%)	(14,42%)	(13,32%)
Rekstrarniðurstaða.....	8,14%	2,43%	(3,11%)	(3,77%)
Í þúsundum króna á íbúa:				
Rekstur:				
Skatttekjur og jöfnunarsjóður.....	487	459	481	459
Aðrar tekjur.....	125	93	497	458
Rekstrartekjur samtals.....	611	552	978	916
Rekstrargjöld.....	(572)	(537)	(852)	(811)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	10	(1)	(141)	(122)
Rekstrarniðurstaða fyrir tekjuskatt og hlutdeild minnihluta.....	50	13	(16)	(17)
Tekjuskattur.....	0	0	(4)	(5)
Hlutdeild minnihluta.....	0	0	(10)	(14)
Rekstrarniðurstaða ársins	50	13	(30)	(35)

Skýringar

28. Kennitölur (framhald)

Í þúsundum króna á íbúa:	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2012	31.12.2011	31.12.2012	31.12.2011
Efnahagur:				
Eignir.....	2.094	2.305	3.184	3.488
Eigið fé.....	525	478	545	573
Lífeyrisskuldbindingar.....	196	190	221	208
Skuldir án skuldbindinga.....	1.373	1.637	2.359	2.653
Sjóðstreymi:				
Handbært fé frá (til) rekstrar.....	21,1	13,1	98,4	93,2

Aðrar lykiltölur:	Bæjarsjóður		Samantekið	
	2012	Fjárhags- áætlun 2012	2012	Fjárhags- áætlun 2012
Rekstur:				
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir / tekjur.....	10,21%	6,18%	20,15%	18,86%
Rekstrarniðurstaða fyrir vexti / tekjur.....	6,42%	2,62%	12,81%	11,52%
Rekstrarniðurstaða / tekjur.....	8,14%	2,43%	-3,11%	-3,77%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir og vexti (EBITDA).....	888.539	485.583	2.802.773	2.460.067
Rekstrarniðurstaða fyrir vexti (EBIT).....	558.612	205.583	1.782.104	1.501.849
Rekstrarniðurstaða.....	707.925	190.583	(433.152)	(491.720)

Efnahagur:	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2012	31.12.2011	31.12.2012	31.12.2011
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir.....	1,04	0,50	1,59	0,73
Eiginfjárhlutfall - eigið fé / heildarfjármagn.....	25,07%	20,76%	17,12%	16,41%
Skuldahlutfall - skuldir / rekstrartekjur.....	236,24%	300,30%	245,50%	304,10%

Fimm ára yfirlit sveitarsjóðs:

Íbúaföldi:	Árið 2012	Árið 2011	Árið 2010	Árið 2009	Árið 2008
Í ársbyrjun.....	14.137	14.091	14.081	14.208	13.256
Breyting á árinu.....	94	46	10	(127)	952
Í árslok.....	14.231	14.137	14.091	14.081	14.208

Í hlutfalli við rekstrartekjur

Skatttekjur	62,20%	59,17%	66,09%	69,26%	68,67%
Framlög jöfnunarsjóðs	15,82%	16,13%	13,61%	12,94%	11,99%
Lóðarleiga.....	1,57%	1,41%	1,86%	1,80%	1,77%
Skatttekjur samtals.....	79,59%	76,71%	81,55%	84,00%	82,42%
Aðrar tekjur	20,41%	23,29%	18,45%	16,00%	17,58%
	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%	100,00%
Laun og launatengd gjöld.....	43,96%	39,65%	45,30%	45,94%	44,37%
Breyting lífeyrisskuldbindinga	2,16%	3,04%	1,19%	2,22%	3,61%
Annar rekstrarkostnaður.....	43,66%	38,80%	48,65%	67,84%	69,44%
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir.....	10,21%	18,50%	4,86%	(16,00%)	(17,42%)
Afskriftir.....	3,79%	3,29%	3,85%	1,12%	0,75%
Rekstrargjöld samtals.....	93,58%	84,79%	98,99%	117,12%	118,17%
Fjármagnsliðir, nettó.....	1,72%	(14,83%)	7,84%	127,69%	(28,11%)
Rekstrarniðurstaða.....	8,14%	0,38%	8,85%	110,58%	(46,28%)

Skýringar

28. Kennitölur (framhald)

	Árið 2012	Árið 2011	Árið 2010	Árið 2009	Árið 2008
Í þúsundum króna á íbúa:					
Rekstur:					
Skatttekjur og jöfnunarsjóður.....	487	480	418	415	382
Aðrar tekjur.....	125	146	95	79	81
	<u>611</u>	<u>626</u>	<u>513</u>	<u>494</u>	<u>463</u>
Laun og launatengd gjöld.....	269	248	232	227	206
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	13	19	6	0	17
Annar rekstrarkostnaður.....	267	263	269	340	325
Fjármagnsliðir, nettó.....	(10)	93	(40)	(630)	130
	<u>538</u>	<u>624</u>	<u>468</u>	<u>(63)</u>	<u>678</u>
Rekstrarniðurstaða.....	<u>73</u>	<u>2</u>	<u>45</u>	<u>557</u>	<u>(215)</u>
Efnahagur:	Árið 2012	Árið 2011	Árið 2010	Árið 2009	Árið 2008
Eignir.....	2.094	2.305	2.505	1.718	925
Eigið fé.....	525	478	478	718	171
Lífeyrisskuldbindingar.....	196	190	176	176	166
Skuldir án skuldbindinga.....	1.373	1.637	1.851	826	588
Sjóðstreymi:					
Handbært fé frá (til) rekstrar.....	21,1	4,1	13,1	(167,4)	(75,1)
Aðrar lykiltölur:					
Veltufjárhlutfall.....	1,04	0,50	0,47	0,71	1,35
Eiginfjárhlutfall.....	25,07%	20,76%	19,07%	41,79%	18,44%

Skýringar

29. Yfirlit rekstraráætlana

Yfirlit rekstraráætlana gerir grein fyrir rekstraráætlun fyrir árið 2012 samkvæmt upphaflegri samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og endurskoðaðri fjárhagsáætlun. Endurskoðuð fjárhagsáætlun er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	Bæjarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	Upphafleg fjárhagsáætlun	Breytingar á fjárhagsáætlun	Endursk. fjárhagsáætlun	Upphafleg fjárhagsáætlun	Breytingar á fjárhagsáætlun	Endursk. fjárhagsáætlun
Rekstrartekjur						
Skatttekjur án jöfnunarsjóðs.....	5.225.910	0	5.225.910	5.225.910	0	5.225.910
Framlag jöfnunarsjóðs.....	1.030.000	270.000	1.300.000	1.030.000	270.000	1.300.000
Aðrar tekjur.....	1.327.415	0	1.327.415	6.515.288	0	6.515.288
	<u>7.583.325</u>	<u>270.000</u>	<u>7.853.325</u>	<u>12.771.198</u>	<u>270.000</u>	<u>13.041.198</u>
Rekstrargjöld						
Laun og launatengd gjöld.....	3.728.265	44.000	3.772.265	3.819.400	44.000	3.863.400
Hækkun lífeyrisskuldbindinga.....	100.000	100.000	200.000	100.000	100.000	200.000
Annar rekstrarkostnaður.....	3.230.005	165.472	3.395.477	6.352.259	165.472	6.517.731
	<u>7.058.270</u>	<u>309.472</u>	<u>7.367.742</u>	<u>10.271.659</u>	<u>309.472</u>	<u>10.581.131</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	525.055	(39.472)	485.583	2.499.539	(39.472)	2.460.067
Afskriftir.....	280.000	0	280.000	958.218	0	958.218
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	245.055	(39.472)	205.583	1.541.321	(39.472)	1.501.849
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld).....	(221.868)	0	(221.868)	(1.749.567)	0	(1.749.567)
Söluhagnaður hlutabréfa.....	206.868	0	206.868	11.887	0	11.887
Rekstrarniðurstaða fyrir skatta	230.055	(39.472)	190.583	(196.359)	(39.472)	(235.831)
Tekjuskattur.....	0	0	0	(64.551)	0	(64.551)
Rekstrarniðurstaða fyrir hlutdeild minnihluta	230.055	(39.472)	190.583	(260.910)	(39.472)	(300.382)
Hlutdeild minnihluta.....	0	0	0	(191.338)	0	(191.338)
Rekstrarniðurstaða	<u>230.055</u>	<u>(39.472)</u>	<u>190.583</u>	<u>(452.248)</u>	<u>(39.472)</u>	<u>(491.720)</u>

Skýringar

30. Yfirlit sjóðstreymisáætlana

Yfirlit sjóðstreymisáætlana gerir grein fyrir sjóðstreymisáætlun fyrir árið 2012 samkvæmt upphaflega samþykktri fjárhagsáætlun sveitarfélagsins og endurskoðaðri fjárhagsáætlun. Endurskoðuð fjárhagsáætlun er birt í rekstrarreikningi og öðrum skýringum ársreikningsins til samanburðar við rauntölur ársins.

	Bæjarsjóður A hluti			Samantekið A og B hluti		
	Upphafleg fjárhags-áætlun	Breytingar á fjárhags-áætlun	Endursk. fjárhags-áætlun	Upphafleg fjárhags-áætlun	Breytingar á fjárhags-áætlun	Endursk. fjárhags-áætlun
Rekstrarhreyfingar						
Rekstrarniðurstaða ársins.....	230.055	(39.472)	190.583	(452.248)	(39.472)	(491.720)
Liðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		0			0	
Söluhagnaður hlutabréfa.....	(206.868)	0	(206.868)	(11.887)	0	(11.887)
Reiknaðar afskriftir.....	280.000	0	280.000	958.218	0	958.218
Verðbætur og gengismunur.....	(31.521)	0	(31.521)	764.843	0	764.843
Hlud.tekjur að frádr. arði.....		0	0	129.371	0	129.371
Breyting lífeyrisskuldbindinga.....	100.000	100.000	200.000	140.000	100.000	240.000
Aðrar breytingar.....	0	0	0	191.338	0	191.338
Velutfé frá (til) rekstrar	371.666	60.528	432.194	1.719.635	60.528	1.780.163
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum						
Óinnh. tekjur, (hækkun) lækkun.....	0	0	0	(30.696)	0	(30.696)
Skammt.kröfur. (hækkun) lækkun.....	142.345	0	142.345	136.056	0	136.056
Skammt.skuldir., hækkun (lækkun).....	(403.400)	0	(403.400)	(170.824)	0	(170.824)
Eigin fyrirtæki, breyting.....	(25.324)	0	(25.324)	0	0	0
Handbært fé frá (til) rekstrar	85.287	60.528	145.815	1.654.171	60.528	1.714.699
Fjárfestingarhreyfingar						
Fjárfest í varanl. rekstrarfj.....	(77.400)	0	(77.400)	(910.733)	0	(910.733)
Eignarhlutar í félögum, breyting.....	1.662.400	0	1.662.400	1.662.400	0	1.662.400
Afborgun skuldabréfa, eigin ft.....	12.039	0	12.039	0	0	0
Afborgun skuldabréfa.....	10.804	0	10.804	23.703	0	23.703
Skuldabréfaeign breyting.....	6.100.000	0	6.100.000	6.100.000	0	6.100.000
Bankainnist v Rneshöfn breyting.....	(800.000)	0	(800.000)	(800.000)	0	(800.000)
Langtímakrafa ný.....	(2.100.000)	0	(2.100.000)	(2.100.000)	0	(2.100.000)
Fjárfestingarhreyfingar	4.807.843	0	4.807.843	3.975.370	0	3.975.370
Fjármögnunarhreyfingar						
Rekstrarlán, breyting.....	(230.000)	0	(230.000)	(234.079)	0	(234.079)
Greiddur arður.....	0	0	0	(250.000)	0	(250.000)
Afborganir langtímalána.....	(3.527.854)	0	(3.527.854)	(3.988.445)	0	(3.988.445)
Fjármögnunarhreyfingar	(3.757.854)	0	(3.757.854)	(4.472.524)	0	(4.472.524)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....	1.135.276	60.528	1.195.804	1.157.017	60.528	1.217.545
Handbært fé í ársbyrjun.....	115.000	0	115.000	503.233	0	503.233
Handbært fé í árslok.....	1.250.276	60.528	1.310.804	1.660.250	60.528	1.720.778

Skýringar

30. Yfirlit sjóðstreymisáætlana (framhald)

Hreyfingar án greiðsluáhrifa

Skuldabréfacign Reykjaneshöfn.....	(165.000)	0	(165.000)	0	0	0
Skammtímakröfur á B-hluta félög.....	107.000	0	107.000	0	0	0
Nýir fjármögnunarleigusamningar.....	58.000	0	58.000	0	0	0
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Fjármagnstekjuskattur langtímask.....	690.343	0	690.343	690.343	0	690.343
Fjármagnstekjuskattur skammtsk.....	150.000	0	150.000	150.000	0	150.000
Nýtt langtímalán.....	(840.343)	0	(840.343)	(840.343)	0	(840.343)
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Fastafjármunir.....	(800.000)	0	(800.000)	(800.000)	0	(800.000)
Langtímalán vegna fastafjármuna.....	800.000	0	800.000	800.000	0	800.000
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

31. Sjóðstreymi aðrar upplýsingar

Hreyfingar án greiðsluáhrifa	Bæjarsjóður		Samantekið	
	31.12.2012	31.12.2011	31.12.2012	31.12.2011
Afborganir langtímalána.....	0	4.599.229	0	4.716.912
Langtímakröfur innleystar vegna langtímaskulda.....	0	(2.515.814)	0	(2.515.814)
Ný langtímalán.....	0	(840.000)	0	(840.000)
	<u>0</u>	<u>1.243.416</u>	<u>0</u>	<u>1.361.098</u>
Innheimt skuldabréf.....	135.593	0	135.593	0
Keyptar fasteignir.....	(135.593)	0	(135.593)	0
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Langtímakröfur eigin félög.....	0	937.663	0	0
Ný langtímalán.....	0	(937.663)	0	0
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Langtímakröfur eigin félög.....	(85.355)	0	0	0
Skammtímakröfur á B hluta félög.....	85.355	0	0	0
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Uppgreiðsla skuldabréfacignar.....	6.289.943	0	6.289.943	0
Ný langtímakrafa.....	(2.814.943)	0	(2.814.943)	0
Aðrar afborganir.....	6.183	0	6.183	0
	<u>3.481.183</u>	<u>0</u>	<u>3.481.183</u>	<u>0</u>
Keypt hlutabréfacign.....	(7.636)	0	(7.636)	0
Seld hlutabréfacign.....	100	0	100	0
Keyptir fastafjármunir.....	(750)	0	(750)	0
Nýtt langtímalán.....	8.350	0	8.350	0
	<u>64</u>	<u>0</u>	<u>64</u>	<u>0</u>